

getur hann fangelsisrefsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi þessu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ragnar Örn Eiríksson, sæti gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 6. nóvember nk. kl. 21:00.

Mánudaginn 7. nóvember 1988.

Nr. 22/1987. Akraneskaupstaður

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Birni Jónssyni og

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Björn Jónsson

gegn

Akraneskaupstað,

menntamálaráðherra og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Skaðabætur. Grunnskólalög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. janúar 1987. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að krafa gagnáfrýjanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi, Björn Jónsson, áfrýjadi málinu með stefnu 6. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. desember 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi og menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdir óskipt til að greiða honum 104.690,00 krónur með 35% ársvöxtum af 11.048,00 krónum frá 1. október 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1983, með 32% ársvöxtum af 22.538,00 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum af 34.027,00 krónum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum af 45.517,00 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar 1984, með 15% ársvöxtum af 57.007,00 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1984, með 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 krónum frá þeim degi til 31. mars 1984, með 15% ársvöxtum af 80.561,00 krónum frá þeim degi til 30. apríl 1984, með 15% ársvöxtum af 92.626,00 krónum frá þeim degi til 31. maí 1984, með 15% ársvöxtum af 104.690,00 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988,

með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% frá þeim degi og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er gerð krafa um það að vextir séu höfuðstólsfærðir samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi og stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur gagnáfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði í því tilviki látinn niður falla.

Í 4. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla segir svo: „Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarfólk í mótuneyti.“ Er frumvarp til laga um grunnskóla var lagt fyrir Alþingi var hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 34. gr. frumvarpsins svohljóðandi: „Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stundakennara, forfallakennara, skólaráðskonu við grunnskóla með færri nemendum samtímis en 30, svo og annað starfsfólk mótuneytis.“ Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. um þessa grein: „Samkvæmt 2. mgr. ber skólastjóra að ráða með samþykki skólanefndar það starfsfólk, sem þar er talið, og greiðir ríkissjóður laun þess. Sveitarstjórn ræður húsvörð, ... Sveitarstjórn ræður einnig lausráðið starfsfólk, annað en það, sem um er getið í 2. mgr. ...“ Við meðferð frumvarpsins á Alþingi voru gerðar á því breytingar, einkum um starf skólaráðskonu og því gefið starfsheitið skólabryti og sérstaklega tekið fram, að þeir séu ríkisstarfsmenn. Af umræðum og þingskjölum verður ekki ráðið, hvers vegna þessar breytingar leiddu til þess orðalags 4. mgr. 34. gr. sem Alþingi samþykkti eða hvers vegna 30 nemenda mark var sett um heimild skólastjóra til

að ráða stundakennara. Í lögin voru engin bein fyrirmæli sett um það hver ráða skuli stundakennara í grunnskólum þar sem nemendur eru 30 eða fleiri. Í þremur erindisbréfum útgefnum af menntamálaráðherra, nr. 185/1976 fyrir skólanefndir grunnskóla, 24. gr., nr. 197/1976 fyrir skólastjóra grunnskóla, 10. gr. og nr. 198/1976 fyrir kennara í grunnskóla, 3. gr., segir hins vegar að skólastjóri ráði stunda- og forfallakennara grunnskóla með samþykki skólanefndar. Í erindisbréfunum er í þessu efni ekki gerður neinn greinarmunur á skólum með færri nemendum en 30 og skólum með 30 nemendum eða fleiri. Erinidisbréf þessi fá ekki breytt settum lögum.

Skólastjóri Grunnskóla Akraness réð gagnáfrýjanda til stundakennslu haustið 1975 og er ekkert komið fram um það, að skólanefndin hafi haft afskipti af ráðningunni.

Telja verður eins og hér stendur á, að skólastjórinn hafi ráðið gagnáfrýjanda í umboði og á ábyrgð menntamálaráðuneytisins, sem telst því ráðningaraðili í skilningi 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaganna, enda berum orðum tekið fram í skýringum við frumvarp til laga um grunnskóla, að laun stundakennara greiðist úr ríkissjóði.

Formaður skólanefndarinnar hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að skólanefndinni hafi ekkert erindi borist um það, að gagnáfrýjandi fengi ekki stundakennslu skólaárið 1983/1984 og hafi ekkert samráð verið haft við nefndina um þetta.

Upplýst er að allt frá árinu 1978 fékk gagnáfrýjandi kennaralaun sín greidd beint frá fjármálaráðuneytinu án nokkurrar milligöngu aðaláfrýjanda, og voru launin tilgreind á launaseðlum, sem hann fékk mánaðarlega frá fjármálaráðuneytinu.

Eigi er sannað, að gagnáfrýjanda hafi borist lögmæt uppsögn samkvæmt 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga fyrir 1. júní 1983. Þegar þetta er virt og málavextir að öðru leyti þykir bera að fella fébótaábyrgð á hinni ólögmætu uppsögn á ríkissjóð, en gagnáfrýjandi hefur ekki sannað, að aðaláfrýjandi beri einnig ábyrgð á henni. Verður sýknukrafa aðaláfrýjanda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málsksotnaður gagnvart honum falli niður.

Af þeim ástæðum, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um bótafjárhæð. Verða stefndu því dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 104.690,00 krónur með vöxtum

eins og í dómsorði greinir svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 90.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Björns Jónssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður að því er varðar aðaláfrýjanda.

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda 104.690,00 krónur með 35% ársvöxtum af 11.048,00 krónum frá 1. október 1983 til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31. október 1983, með 32% ársvöxtum af 22.538,00 krónum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum af 34.027,00 krónum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum af 45.417,00 krónum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31. janúar 1984, með 15% ársvöxtum af 57.007,00 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1984, með 15% ársvöxtum af 68.496,00 krónum frá þeim degi til 31. mars 1984, með 15% ársvöxtum af 80.561,00 krónu frá þeim degi til 30. apríl 1984, með 15% ársvöxtum af 92.626,00 krónum frá þeim degi til 31. maí 1984, með 15% ársvöxtum af 104.690,00 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 21. maí 1986, en með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Gagnáfrýjanda

er heimilt að leggja vexti, sem á falla eftir 14. apríl 1987, við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, sbr. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndu greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samtals 90.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1986.

1.o.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 17. október sl., hefur séra Björn Jónsson sóknarprestur, nafnr. 1339-5632, Höfðabraut 7, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 14. og 21. maí 1986 á hendur Þorsteini Pálssyni fjármálaráðherra, nafnr. 9753-5388, Brúnalandi 3, Reykjavík, f.h. rikissjóðs, Sverri Hermannssyni menntamálaráðherra, nafnr. 8785-2156, Einimel 9, Reykjavík, f.h. menntamálráðuneytisins og Ingimundi Sigurpálssyni, nafnr. 4698-4005, bæjarstjóra, Akranesi, f.h. Akraneskaupstaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 104.590,00 með 35% ársvöxtum af kr. 11.048,00 frá 01.10. '83 - 20.10. '83 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31.10. '83 og 32% ársvöxtum af kr. 22.538,00 frá þeim degi til 20.11. '83 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. '83 og 27% ársvöxtum af kr. 34.027,00 frá þeim degi til 20.12. '83 og 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31.12. '83 og 21,5% ársvöxtum af kr. 45.517,00 frá þeim degi til 20.01. '84 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31.01. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 57.007,00 frá þeim degi til 28.02. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 frá þeim degi til 31.03. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 80.561,00 frá þeim degi til 30.04. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 92.626,00 frá þeim degi til 31.05. '84 og 15% ársvöxtum af kr. 104.690,00 frá þeim degi til 11.08. '84 of 17% ársvöxtum frá þeim degi til 01.01. '85 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.05. '85 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til 01.03. '86 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til 01.04. '86 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu fjármála- og menntamálaráðherra er þess krafist að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins. Til vara er þess krafist að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

Af hálfu stefnda Akraneskaupstaðar er þess krafist að kaupstaðurinn verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða Akraneskaupstað málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, ef ekki verður fallist á sýknu, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilfelli látinn falla niður.

2.o.

Atvik máls þessa eru í stuttu máli þau að haustið 1975 hóf stefnandi stundakennslu við Grunnskóla Akraness, sem nú heitir Brekkubæjarskóli. Kennði stefnandi síðan stundakennslu við skólann samfelld í átta vetur. Haustið 1983 mætti stefnandi við skólasetningu Brekkubæjarskóla og kom þá í ljós að honum var ekki ætluð nein stundakennsla þann vetur.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi fyrst fengið um það tilkynningu við skólasetninguna haustið 1983 að honum væri ekki ætluð kennsla við skólann skólaárið 1983 - 1984. Stefnandi taldi að sér hefði ekki verið sagt upp störfum vegna stundakennslunnar með lögmætum hætti og leitaði hann fyrst til fjármálaráðuneytisins um bætur vegna ólögmetrar uppsagnar. Fjármálaráðuneytið neitaði greiðsluskyldu og vísaði á bæjarsjóð Akraneskaupstaðar. Krafði stefnandi síðan bæjarsjóð, en bæjarsjóður neitaði einnig greiðsluskyldu og vísaði á menntamálaráðuneytið. Stefnandi sneri sér þá með kröfu sína til menntamálaráðuneytisins, en það ráðuneyti mun ekki hafa svarað málaleitan stefnanda.

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu bóta vegna ólögmetrar uppsagnar af því tilefni sem að framan er rakið.

Af hálfu stefndu var því lýst yfir við fyrirtekt málsins í þinghaldi þann 10. september að ekki væri gerður tölulegur ágreiningur við stefnanda um útreikning stefnukröfunnar, ef greiðsluskylda stefndu væri talin vera fyrir hendi.

3.o.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því að honum hafi ekki verið sagt upp störfum með lögmætum hætti og eigi hann því rétt til bóta vegna ólögmetrar uppsagnar. Stefnandi styður sjónarmið sitt við 6. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Í þeirri grein segi að æski starfsmaður, sem heyri undir ákvæði 34. gr., eigi endurráðningar, beri honum að tilkynna það þeim aðila er ræð hann til starfans, eigi síðar en 1. júní ár hvert. Æski ráðnignaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum eða á ráðningu í starf, skuli hann á sama hátt tilkynna það þeim er starfinu hefur gengt fyrir sama tíma, ella teljist sá sem fyrir sé í starfinu endurráðinn næsta skólaár.

Stefnandi bendir á að sú skylda ráðningaraðila sem um ræðir í 6. mgr.

34. gr. grunnskólalaganna sé víðar áréttuð. Þannig komi það t.d. fram í 13. gr. erindisbréfs nr. 197 frá 24. maí 1976 fyrir skólastjóra grunnskóla, að skólastjórum beri í samráði við skólanefnd að láta stunda- og forfallakennara vita fyrir skólalok hvort óskað sé eftir endurráðningu viðkomandi aðila næsta skólaár. Sömu sögu sé að segja af 26. gr. erindisbréfs nr. 185 frá 30. apríl 1976 fyrir skólanefndir grunnskóla. Þar segi að fyrir lok kennslutímans ár hvert skuli skólanefnd kynna sér hvort settur skólastjóri, settur kennari eða lausráðinn starfsmaður við skólann hafi hug á að vera áfram í stöðu sinni. Þá segi í 2. mgr. 27. gr. að stundakennarar séu aðeins ráðnir fyrir kennslutímann frá ári til árs en ráðning endurnýist hafi hvorugur aðili tilkynnt annað fyrir 1. júní.

Stefnandi mótmælir því að honum hafi borist formleg tilkynning fyrir 1. júní 1983 um að ráðningarsamningur hans yrði ekki framlengdur fyrir næsta skólaár. Þó svo að orð hefðu hugsanlega verið látin um það falla á kennarafundi vorið 1983, sem þó er mótmælt, að óljóst væri um stundakennslu næsta skólaár vegna aukinnar ásóknar fastra kennara í meiri stundakennslu, verði slíkum almennum ummælum ekki jafnað til tilkynningar um uppsögn í skilningi 6. mgr. 34. gr. Slíkri tilkynningu verði að beina persónulega að þeim kennara er í hlut eigi, en það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Sá er tilkynningarskyldan hvíli á verði að sanna það að rétt tilkynning hafi verið send tímanlega. Sönnun um það hafi stefndu ekki lánast.

Stefnandi bar það fyrir dómi að ráðningarmálefni sín hefðu ekki beinlínis verið rædd við skólayfirvöld vorið 1983. Þó hafi hann rætt við skólastjóra og yfirkennara eins og sjálfgefið væri að hann myndi kenna áfram næsta skólaár og ekkert hefði komið fram í samtölum sínum við þessa menn að breytinga væri að vænta að hausti. Þá bar stefnandi það og fyrir dómi að ráðningarmálefni sín hefðu heldur ekki verið rædd við skólanefnd, hvorki vorið né haustið 1983.

Þar sem ekki hafi verið löglega staðið að uppsögn stefnanda úr starfi beri honum réttur til skaðabóta vegna missis þeirra tekna er hann varð af vegna hinnar ólögmetu uppsagnar. Ráðningarsamningur sinn hafi sjálfkrafa framlengst um eitt ár samkvæmt ákvæðum 5. gr. 34. gr. og eigi stefnandi því rétt til skaðabóta sem nemi þeirri fjárhæð er hann hefði haft í kennslulaun umrætt skólaár og sé kröfugerð hans við það miðuð.

Stefnandi heldur því fram kröfugerð sinni til stuðnings að hann hafi öll átta árin kennt svipaðan tímafjölda og sé í kröfugerðinni miðað við sama tímafjölda og stefnandi kenndi næsta skólaár á undan. Hann kveðst engar tekjur hafa haft af öðrum aukastörfum skólaárið 1983 - 1984 og geti því ekki verið um að ræða frádrátt bóta af þeirri ástæðu.

Stefnandi segir að stefndu hafi vísað hver á annan um greiðsluskyldu

og því hafi sér verið nauðsynlegt að stefna þeim öllum til þess að fá úr því skorið hver beri greiðsluábyrgð vegna hinnar ólögætu uppsagnar.

4.0.

Stefndu fjármála- og menntamálaráðherra reisa sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi að þeir eigi ekki aðild að þessu máli og beri því að sýkna þá samkv. ákvæðum 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Bjarnastaðarskóli á Akranesi sé grunnskóli sem starfi skv. grunnskólalögnum nr. 63/1974 og greiðist kostnaður við rekstur hans af ríkissjóði og viðkomandi sveitarfélagi eins og kveðið sé á um í þeim lögum. Skólastjóri stjórnir starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar sé kveðið á um í lögnum. Eins og fram komi í málinu sé stefnandi þessa máls ekki ráðinn til stundakennslu af ríkinu, heldur af skólastjóra í umboði og á ábyrgð skólanefndar Bjarnastaðarskóla, sbr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla. Skólanefnd sé kosin af og starfi á ábyrgð viðkomandi sveitarstjórnar. Stefnanda beri því að beina kröfu sinni að þeim aðila sem skv. lögnum sé ábyrgur fyrir ráðningu hans. Sveitarsjóður Akraneskaupstaðar eigi engar skaðabótakröfur á hendur ríkinu vegna mistaka sem skólastjóra kunnir að verða á vegna starfa sína sem unnin séu lögum skv. í umboði skólanefndar á ábyrgð sveitarsjóðs.

Stefndu benda á að það komi víða fram í lögum og stjórnvaldsreglum að stundakennarar séu starfsmenn sveitarfélaga en ekki ríkisstarfsmenn. IV. kafli grunnskólalaga nr. 63/1974 hafi að geyma efnisreglur um það hjá hverjum starfsmenn grunnskóla séu ráðnir til starfa, en í XIV. kafla sé aftur rætt um endurgreiðslu ríkisins vegna launakostnaðar.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga stjórnir skólastjóri starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar eigi við hverju sinni. Það fari því eftir verkefnum hverju sinni, undir hvers stjórn og á hvers ábyrgð skólastjóri starfi. Skv. 4. mgr. 34. gr. ráði skólastjóri stunda- og forfallakennara með samþykki skólanefndar, en um skólanefndirnar sé fjallað í 17. - 19. gr. laganna. Skólanefnd sé kosin af sveitarstjórn, sem beri fjárhagslega ábyrgð á störfum hennar.

Auk framangreindra lagaákvæða vitna stefndu til erinidisbréfs fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976. Í 24. gr. komi fram að skólastjóri ráði stunda- og forfallakennara með samþykki skólanefndar. Þetta sé enn fremur áréttað í 5. mgr. 10. gr. erinidisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976, en þar segi, að stunda- og forfallakennarar séu ráðnir af skólastjóra með samþykki skólanefndar. Það komi hins vegar skýrt fram bæði í IV. kafla grunnskólalaganna og áðurgreindum erinidisbréfum fyrir

skólastjóra og skólanefndir, að menntamálaráðuneytið annist ráðningar skólastjóra, yfirkennara og kennara, þó svo að skólanefndir hafi ákveðið umsagnarhlutverk í því sambandi.

Einnig benda stefndu á í þessu sambandi að það komi fram í 34. gr. grunnskólalaganna að af þeim starfsmönnum við skóla sem nefndir séu í 34. gr. séu skólabrytar einir ríkisstarfsmenn. Það sé einnig áréttað í 25. gr. erindisbréfs fyrir skólanefndir grunnskóla nr. 185/1976. Aðrir starfsmenn sem nefndir séu í 34. gr. séu því starfsmenn sveitarfélaga og þar á meðal stunda- og forfallakennarar.

Loks benda stefndu á að skv. lokamálgrein 10. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976 skuli skólastjóri árlega vekja athygli skólanefndar á ráðningarákvæðum starfsfólks grunnskóla skv. síðustu málgrein 34. gr. grunnskólalaganna, en stundakennarar falli undir ákvæði þeirrar greinar. Skv. 13. gr. sama erindisbréfs beri skólastjóra í samráði við skólanefnd að láta stunda- og forfallakennara vita fyrir skólalok hvort óskað sé eftir endurráðningu hans fyrir næsta skólaár.

Framangreind laga- og reglugerðarákvæði eru að mati stefndu sönnun þess að stunda- og forfallakennarar séu starfsmenn sveitarfélaga en ekki ríkisstarfsmenn. Ríkið hafi ekkert með ráðningu þeirra að gera, heldur séu þeir ráðnir af skólastjóra í umboði skólanefndar. Það breyti engu hér um, þó svo að stefnandi hafi fengið laun sín vegna stundakennslunnar greidd úr ríkissjóði. Þar sé fyrst og fremst um fyrirkomulagsatriði að ræða í samræmi við ákvæði grunnskólalaganna um skyldu ríkisins til endurgreiðslu hluta skólakostnaðar.

Þá benda stefndu á að þó svo að ríkinu sé skylt skv. lögum að greiða hluta af launum stundakennara og greiði þeim laun þeirra nú beint hverju sinni geti það ekki felld bótaskyldu á ríkið ef svo yrði litið á að uppsögn stefnanda hefði verið ólögæt og hann ætti rétt til bóta. Ábyrgð vegna slíkra mistaka hljóti ávallt að lenda á ráðningaraðilanum sem sé sveitarfélagið í þessu tilviki en ekki ríkið. Þar sem skólastjóri starfi að því er samskipti við stundakennara varðar í umboði skólanefndar hljóti bóta ábyrgð vegna mistaka skólastjóra í því sambandi að lenda á viðkomandi sveitarfélagi sem ráðningaraðila en ekki ríkissjóði.

Loks telja stefndu að engu máli skipti í þessu sambandi þó svo að ríkið semji við stéttarfélög um kaup og kjör stundakennara. Þar sé í raun eingöngu verið að semja um það hverjar fjárhæðir ríkið endurgreiði sveitarfélagunum en geri ríkið ekki að ráðningaraðilja gagnvart stundakennurum og baki ríkinu heldur ekki bótaskyldu vegna mistaka ráðningaraðilja.

Ef ekki verði fallist á sýknukröfu stefndu vegna aðildarskorts byggja þeir sýknukröfu sína á því að stefnandi hafi vorið 1983 í skilningi 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga og 2. mgr. i.f. 27. gr. erindisbréfs fyrir skólanefndir

grunnskóla fengið fullnægjandi tilkynningu um að hann yrði ekki endurráðinn til stundakennslustarfa næsta skólaár. Þetta sé staðfest í bréfi Grims Bjarndal fyrrum skólustjóra Brekkubæjarskóla á dskj. nr. 5, en þar segi að stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því að litlar líkur væru á stundakennslu fyrir hann að hausti.

Tilkynning skv. 34. gr. grunnskólaganna og 27. gr. ádurnefnds erindisbréfs sé ekki formbundin. Það nægi til þess að slíta ráðningarsamningi að kennara sé gerð grein fyrir því að litlar líkur séu til þess að hann fái kennslu að hausti. Í þessu sambandi verði að hafa í huga aðstæður í dreifbýli. Ráðningarmál kennara séu þar erfiðari en í þéttbýli og því liggja það yfirleitt ekki fyrir fyrr en að hausti hvort þörf verður stundakennslu og þá hversu mikillar. Því sé ljóst að ummæli skólustjóra við stefnanda vorið 1983 hafi nægt til þess að koma í veg fyrir að ráðningarsamningur hans framlengdist.

Ef ekki verður fallist á kröfu stefndu um sýknu, telja þeir að lækka beri bætur til stefnanda frá því sem krafist sé í stefnu. Ekki sé í sjálfu sér gerður tölulegur ágreiningur um það hvernig stefnukrafan sem slík sé reiknuð út. Hins vegar sé því mótmælt að stefnandi geti átt rétt til launa fyrir allt skólaárið. Hann eigi aldrei rétt til bóta sem nemi hærrí fjárhæð en launum á hæfilegum uppsagnarfresti og hæfilegum uppsagnarfrestur í þessu sambandi sé einn mánuður. Þá er því einnig mótmælt af stefndu að rétt sé að miða við sama tímafjölda og stefnandi kenndi skólaárið 1982 - 1983. Tímafjöldi í stundakennslu sé breytilegur frá einu ári til annars og því engan veginn sjálfgefið að stefnandi hefði skólaárið 1983 - 1984 haft sama tímafjölda og árið áður.

5. o.

Sýknukrafa Akraneskaupstaðar er aðallega reist á því að ekki sé rétt að beina kröfu um bætur að honum. Vörninn sé því aðallega byggð á aðildarskorti hans að deilu stefnanda og meðstefndu og leiði slíkt til sýknu sbr. 45. gr. 2. mgr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði. Málefni það sem um er fjallað í máli þessu sé krafa starfsmanns um bætur frá vinnuveitanda vegna ólögmetrar brottvikningar úr starfi.

Akraneskaupstaður hafi hvorki fyrr né síðar gert nokkurn samning um ráðningu stefnanda og því hefur aldrei stofnast neitt samningssamband þeirra í millum sem valdið getur bótaskyldu kaupstaðarins. Stefnandi sjálfur haldi því ekki fram að hann hafi verið starfsmaður Akraneskaupstaðar. Máli þessu verði því ekki beint gegn kaupstaðnum og verði í raun að teljast þarflaust að stefna honum. Vangaveltur um það „að sérstakt athugunarefni“ sé hvort ríkissjóður eigi endurkröfu á kaupstaðinn og staðhæfing starfsmanns stefnda fjármálaráðherra séu fjarri því að vera grundvöllur málshöfðunar á hendur kaupstaðnum.

Stefndi Akraneskaupstaður bendir á, að skólanefndir fari ekki með forræði fjár, hvorki á Akranesi né annars staðar. Hið rétta sé að skólastjórar séu ábyrgir fyrir fjármálum skóla, annars vegar f.h. ríkisins, þegar fjallað er um kennararáðningar og ráðningar annars starfsfólks, en hins vegar í umboði sveitarfélags þegar um er að ræða almennan rekstrarkostnað, t.d. efni til kennslu og rekstur fasteigna. Rétt sé að skólanefnd sé kosin af sveitarstjórn, en slíkt sé aðeins í samræmi við grunnskólalög og starfs svið nefndarinnar einnig afmarkað þar. Kosning nefndarinnar feli ekki í sér neitt umboð frá hendi sveitarstjórnar til að skuldbinda sveitarfélagið fjárhagslega.

Stefnandi hafi óvæfengjanlega verið starfsmaður ríkisins. Í fyrsta lagi sé slíkt tekið fram í greinargerð á dskj. nr. 2 og einnig megi sjá það á dskj. nr. 3 að ríkissjóður greiddi honum laun fyrir kennslustörf í Brekkubæjar-skóla. Í öðru lagi var stefnandi alfarið ráðinn af skólastjóra Brekkubæjar-skóla og til þess að vinna fyrir hann og undir hans verkstjórn. Þannig hafi kaupstaðurinn ekkert haft með stefnanda að gera og hafði ekkert yfir honum að segja. Í þriðja lagi er á það bent að í 34. gr. laga nr. 63 frá 1974 um grunnskóla sé tekið fram að skólastjórar ráði stundakennara svo sem stefnanda, en í 30. gr. sömu laga sé tekið fram að menntamálaráðuneytið ráði skólastjóra og óþarft sé að taka það fram að þeir séu ráðnir sem ríkisstarfsmenn. Eðli málsins samkvæmt ætti því að vera fullljóst að stefnandi var sem stundakennari ríkisstarfsmaður og því verður húsbónda ábyrgð ríkisins ekki flutt yfir á sveitarfélagið. Í fjórða lagi er á það bent að í 76. gr. laga um grunnskóla sé beinlínis tekið fram að ríkið greiði allan launakostnað vegna almennrar kennslu og í 8. mgr. sömu greinar er hið sama tekið fram um stundakennslu.

Skólanefndir beri ekki fjármálalega ábyrgð á störfum sínum. Af grunnskólalögum megi m.a. sjá að skólanefndir séu til umsagnar og samráðs þegar stundakennari er ráðinn við skóla sbr. 13. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra nr. 197 frá 1976 og sbr. 4. mgr. grunnskólalaga nr. 63 frá 1974. Skólastjóri ræður stundakennara og segir upp eftir atvikum.

Það er alkunnugt og jafnframt ljóst af lögum og reglugerðum að kennarar, yfirkennarar og skólastjórar eru starfsmenn ríkisins og taka laun sín og önnur kjör þaðan. Ætti því að vera ljóst hvert málshöfðun þessari á að beina, telji stefnandi að ríkið hafi gengið á rétt hans.

Þeirri kröfu sinni til stuðnings að ríkið sé ráðningaraðili stundakennara en ekki sveitarfélagið bendir stefndi Akraneskaupstaður á að ríkið ýmist semji við stéttarfélög stundakennara um laun þeim til handa eða ákvarði þau einhliða. Það sé því ljóst að ríkið sem samningsaðili hljóti að vera ráðningaraðili því að ella ættu sveitarfélögin að semja um launin en ekki ríkið.

Fari svo ólíklega að sveitarfélagið verði talið tengt ráðningu og uppsögn stefnanda sé gerð sú varakrafa að bætur til handa stefnanda verði stórlega lækkaðar. Fráleitt sé að stefnandi geti átt rétt til bóta sem nemi launum fyrir heilt skólaár. Eðlilegas: sé að miða við laun á þriggja mánaða uppsagnarfresti og verði því að líta svo á að uppsögn hafi tekið gildi 1. september 1983.

6.o. Forsendur og niðursteða.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. grunnskólalaga nr. 63/1974 er ríki og sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, svokallaðan grunnskóla. Stefnandi var stundakennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi, áður Grunnskóla Akraness, og hafði hann kennt þar stundakennslu samfelld frá 1975 til 1983 eða í átta vetur. Í máli þessu sækir hann stefndu til greiðslu bóta vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar úr starfi stundakennara. Stefnu vísa hver á annan um greiðsluskyldu. Ekki er um það ágreiningur með stefnanda og stefnda Akraneskaupstað að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmæt. Því er hins vegar andmælt af hálfu stefndu fjármála- og menntamálaráðherra.

Af ákvæðum grunnskólalaga nr. 63/1974 má ráða, að starfsmenn grunnskóla eru ýmist ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga sbr. nánar ákvæði IV. kafla laganna. Samkvæmt ákvæðum 30. - 32. gr. laganna skipar menntamálaráðuneytið skólustjóra, yfirkennara og kennara við grunnskóla svo og skólabyrta sbr. ákvæði 34. gr. Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. ræður skólustjóri með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara og aðstoðarfólk í mótuneyti, en samkvæmt 5. mgr. 34. gr. ræður sveitarstjórn húsvörð.

Í XIV. kafla laganna ræðir um greiðslu skólakostnaðar og skiptingu hans milli ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. greiðast föst laun skólustjóra, kennara og annarra starfsmanna sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar beint úr ríkissjóði. Samkvæmt 2. mgr. 83. gr. endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á.

Í 1. mgr. 76. gr. grunnskólalaga er almennt ákvæði um skyldu ríkisins til þess að greiða eða endurgreiða sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi sem ákveðið hefur verið. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. skal skólustjóri árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Mánaðarlegar endurgreiðslur ríkissjóðs skulu samkv. 2. mgr. 83. gr. miðast við árlega rekstrar-áætlun samkvæmt 82. gr. Framangreind ákvæði grunnskólalaganna um

beinar greiðslur og endurgreiðslur ríkissjóðs eru áréttuð í 3. og 5. gr. reglugerðar um rekstrarkostnað grunnskóla, en sú reglugerð er sett með stöð í lögum nr. 63/1974.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga stjórnar skólastjóri starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs og skólanefndar „eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim“, eins og segir orðrétt í 1. mgr. 20. gr. Framangreind ákvæði 4. mgr. 34. gr. grunnskólalaganna um ráðningarmálefni stundakennara eru áréttuð í 5. mgr. 10. gr. erindisbréfs nr. 197/1976 fyrir skólastjóra grunnskóla og ákvæðum 1. mgr. 24. gr. erindisbréfs nr. 185/1976 fyrir skólanefndir grunnskóla.

Skilja ber ákvæði 1. mgr. 20. gr. grunnskólalaga svo að það fari eftir eðli verkefnis hverju sinni undir hvers stjórn og á hvers ábyrgð skólastjórar starfa. Þegar virt eru þau laga- og reglugerðarákvæði um ráðningarmálefni stundakennara sem áður er getið og það haft í huga, sem fram er komið í máli þessu, að ríkið hefur engin afskipti af ráðningum stundakennara, er það álit réttarins að stundakennar séu samkvæmt grunnskólalögum starfsmenn sveitarfélaga en ekki starfsmenn ríkisins. Þykir ekki skipta máli í þessu sambandi þó svo að ríkið ýmist ákvarði einhliða eða semji við stéttarfélag um launakjör stundakennara. Samkvæmt því sem hér var rakið ber að sýkna stefndu fjármálaráðherra og menntamálaráðherra af kröfum stefnanda í máli þessu, enda þykir það ekki geta fellt bótaskyldu á ríkissjóð í þessu sambandi þó svo að skólastjóraf séu skipaðir eða settir af menntamálaráðuneytinu, þar sem skólastjórar að þessu leyti starfa í umboði skólanefnda sem kjörnar eru af sveitarstjórnnum. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður gagnvart stefndu fjármála- og menntamálaráðherra falli niður.

Stefndi Akraneskaupstaður ber samkvæmt framansögðu ábyrgð gagnvart stefnanda á hinni ólögmaetu uppsögn, en ekki er það véfengt af kaupstaðarins hálfu, að uppsögn stefnanda fullnægði ekki skilyrðum 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga.

Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur milli stefnanda og kaupstaðarins og lög nr. 63/1984 lögmaela ekki ákveðinn uppsagnarfrest til handa stundakennurum. Segir það eitt í 6. mgr. 34. gr. að tilkynna skuli uppsögn fyrir 1. júní ár hvert.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga enduræðst stefnandi til stundakennslu við Brekkubæjarskóla á Akranesi skólaárið 1983 - 1984, þar sem honum barst ekki tilkynning um uppsögn fyrir 1. júní 1983. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir því að hann myndi gegna stundakennarastarfinu umrætt skólaár. Bótakröfu sína miðar hann við þau laun er hann hefði haft allt skólaárið ef hann hefði gegnt starfinu. Þykir

með vísan til 6. mgr. 34. gr. grunnskólalaga mega á það sjónarmið hans fallast. Er í bótakröfunni lagt til grundvallar að stefnandi hefði kennt sama kennslustundafjölda og hann gerði næsta skólaár á undan. Þykir sú viðmiðun réttmæt eins og hér stendur á.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda, byggð á þeim forsendum er að framan greinir, hefur ekki sætt tölulegum andmælum. Því er ómótmælt að stefnandi, sem er sóknarprestur á Akranesi, hafði ekki aðrar tekjur skólaárið 1983 - 1984 en föst embættislaun sín. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda á hendur stefnda Akraneskaupstað til greina að fullu og dæma jafnframt kaupstaðinn til þess að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 33.000,00.

Þorgeir Örlygsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytisins skuli sýknir af kröfum stefnanda Björns Jónssonar í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Stefndi Akraneskaupstaður greiði stefnanda Birni Jónssyni kr. 104.690,00 með 35% ársvöxtum af kr. 11.048,00 frá 01.10. 1983 til 20.10. 1983 og 32% ársvöxtum frá þeim degi til 31.10. 1983 og 32% ársvöxtum af kr. 22.538,00 frá þeim degi til 20.11. 1983 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30.11. 1983 og 27% ársvöxtum af kr. 34.027,00 frá þeim degi til 20.12. 1983 og 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 31.12. 1983 og 21,5% ársvöxtum af kr. 45.517,00 frá þeim degi til 20.01. 1984 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til 31.01. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 57.007,00 frá þeim degi til 28.02. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 68.496,00 frá þeim degi til 31.03. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 80.561,00 frá þeim degi til 30.04. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 92.626,00 frá þeim degi til 31.05. 1984 og 15% ársvöxtum af kr. 104.690,00 frá þeim degi til 11.08. 1984 og 17% ársvöxtum frá þeim degi til 01.01. 1985 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.05. 1985 og 22% ársvöxtum frá þeim degi til 01.03. 1986 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til 01.04. 1986 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 14. maí 1986, en með dómvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.